

Nd.

90. Frumvarp

til laga um bann gegn jarðraski við sjó i kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum.

(Eftir 2. umr. i Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum, kauptúnum og sjávarþorpum er bannað grjótnám, málartaka og annað jarðrask i fjörum og svo langt frá flóðmáli, að öruggt sé, að ekki stafi af því landbrot eða aðrar skemmdir af völdum sjávar. Bann þetta nær þó ekki til ruðnings á bátalendingum né til grunnjöfnunar vegna hafnargerða eða annara mannvirkja.

2. gr.

Ákvæði þessara laga gilda 500 m. út fyrir takmörk verzlunarlóða og 800 m. frá byggð i sjávarþorpum, til beggja handa meðfram fjöru.

3. gr.

Nú hagar þannig til, að áhættulaust virðist að taka efni i landi, sem ofangreind ákvæði ná til, og getur þá landeigandi leyft jarðraskið á ákveðnu svæði með samþykki vitamálastjóra, að fengnum tillögum bæjarstjórnar eða hreppsnefndar. Slíkt leyfi má ekki veita til lengri tíma en 5 ára i senn, en það má endurnýja með samþykki vitamálastjóra, ef það er þá talið hættulaust. Nú þykir einhverjum rétti sínum hallað, og getur hann þá skotið ákvörðun vitamálastjóra til ráðherra, og er úrskurður hans um málið fullnaðarúrskurður.

Nú hefir leyfi verið fengið, og ber þá bæjarstjórn eða hreppsnefnd að auglýsa og merkja á fullnægjandi hátt, á hvaða svæði efnisnámið sé leyft.

4. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum frá 20 til 500 kr., er renna i sveitarsjóð. Mál, er rísa út af brotum gegn lögum þessum, skal fara með sem almenn lögreglumál.